


VIKUBLAÐIÐ

10. TÖLUBLAÐ / 3. ÁRGANGUR / FIMMTUDAGUR 10. MARS 2022



Kórinn í Akureyrarkirkju var fagurlega upplýstur í fánalitum Úkraínu við æðruleysismessu s.l. sunnudagskvöld.

Mynd: Eyþór Ingi Jónsson.

Fyrsta plata iLo

Einar Óli Ólafsson er tónlistarmaður frá Húsavík sem kallar sig iLo. Í nóvember á síðasta ári gaf hann út plötuna *Mind Like a Maze* sem aðgengileg er á öllum helstu streymisveitum. Þetta er fyrsta plata Einars Óla sem semur öll lög og texta sjálfur. Hæfileikar hans eru næstum yfirþyrmandi og nokkuð ljóst að hann á eftir að gera sig gildandi í tónlistarsviðinu á næstu árum. Hæfileikaríkt fólk dregur líka að sér annað hæfileikaríkt fólk og að plötunni kemur þungavígtar fólk í tónlistarbransanum, s.s. Pálmi Gunnarsson, Kristján Edelstein og Andrea Gylfadóttir svo fá séu nefndar.



Útgáfutónleikar verða á Græna hattinum í kvöld og Samkomuhúsinu Húsavík annaðkvöld.

Eiga iðnfélögin heima innan ASÍ?

Samstarf iðnfélaganna í landinu í komandi kjarasamningnum er algert lykilatriði fyrir félagsmenn að mati Jóhanns Rúnars Sigurðssonar formanns Félags málm-iðnaðarmanna Akureyri, FMA. „Eiga iðnfélögin heima innan ASÍ – hvaða leið er okkur farsælust? Reyndar er það svo að formaður veltir því fyrir sér hvaða stefnu iðnaðarsamfélagið eigi að taka. Á að stofna formlega Samband iðnfélaga í því samstarfi sem iðnfélögin hafa verið í, svipað því sem Samiðn stendur fyrir nú og getur



leyst þá hluti? Hin leiðin er einfaldlega að sameinast um framboð iðnfélaganna til embættis forseta ASÍ,” sagði Jóhann Rúnar. *Sjá bls 14*

Í kuldanum og snjónum er ekki úr vegi að minna á smáfuglana sem gleðja okkur með söng sínum á sumrin.

Munum eftir smáfuglunum!

FRÉTTA
MOLAR

Grímsey

Lítið að gera við blóm og blómaker

Grímseyingar ræddu á fundi hverfisráðs á dögunum um framkvæmdafé sem til ráðstöfunar er og hvar það myndi nýtast best. Niðurstaðan var sú að því væri best varið í girðingar og lagfæringar á götum og vegum í eyinni. „Það er lítið að gera við blóm og blómaker þegar kindur og hestar eru hér í lausagöngu,“ segir í fundargerðinni.

Gunnar Egill tekur við forstjórastólnum

Ómar Valdimarsson, sem verið hefur forstjóri Samkaupa undanfarin 13 ár, hefur ákveðið að láta af störfum hjá félaginu. Gunnar Egill Sigurðsson tekur við starfi forstjóra en hann hefur starfað hjá Samkaupum í 20 ár, nú síðast sem framkvæmdastjóri verslunarviðs.

Forstjóraskiptin munu eiga sér stað um mánaðamótin mars – apríl.

Ein umsókn um þjónustulóð

Ein umsókn barst um atvinnulóð við Hlíðarbraut 4, en sú lóð er neðan við bensinstöð og verslun Skeljungu. Bæjarráð ákvað í desember síðastliðnum að úthluta lóðinni með útboði.

Um er að ræða verslunar- og þjónustulóð tæplega 6500 fermetrar að stærð og þar má byggja allt að 7.700 fermetra atvinnuhúsnæði á tveimur til fimm hæðum auk ríflega 2.500 fermetra bílarkjallara.

Veita leyfi fyrir hundahótel

Skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt umsókn Jóhanns Jóhannessonar og Evu Rakelar Aðalsteinsdóttur um leyfi fyrir hundahótel að Stóra-Hamri 1 í Eyjafjarðarsveit.

Áður hafði umsókninni verið vísað í grenndarkynningu og barst eitt erindi vegna málsins. Lagði skipulagsnefnd til við sveitarstjórn að leyfa starfrækslu hundahótelis á Stóra-Hamri 1 enda skuli aðkoma að hótelinu merkt greinilega til að umferð fari rétta leið.

Hörgársveit styrkir þá sem taka inn varmadælu til húshitunar

Hagkvæmur kostur til að losna við orkufreka rafhitun

mth@vikubladid.is

Forsvarsmenn Hörgársveitar höfðu frumkvæði að því að fá ráðgjafa til að skoða varmadæluvæðingu í sveitarfélaginu. Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri segir að varmadæluvæðing sé meðal annars til komin vegna þess að ekki sýndist hagkvæmt að leggja hitaveitu á öll svæði sveitarfélagsins. Alls eru 19 íbúar að skoða þann kost að setja upp varmadælu í hífýlum sínum, en sveitarfélagið veitir styrki til verksins.

„Varmadælu eru nú orðnar mjög hagstæður kostur í rekstri húshitunar, þannig að um hagkvæman kost ætti að vera að ræða til framtíðar til að losna við kostnaðarsama rafhitun, enda er gert ráð fyrir í nýjum reglum að niðurgreiðslur haldi áfram“ segir Snorri.

Í framhaldi af heimsókn ráðgjafa í sveitarfélagið sem skoðaði kosti varmadæluvæðingar þar var ákveðið að Hörgársveit myndi veita fjárfstyrk til þeirra fasteignaeigenda í sveitarfélaginu sem taka inn slíka dælu og draga þar með úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Snorri segir að miðað sé við að fóst búseta og lögheimilisskráning sé í íbúðarhúsnæðinu og að það sé á svæði þar sem dreifikerfi hitaveitu nær ekki til. Á nokkrum svæðum innan sveitarfélagsins háttar svo til að því



Úr Hörgárdal.

verði ekki við komið að nýta hitaveitu ýmist tæknilega eða með hagkvæmum fjárhagslegum hætti.

Kostnaður fasteignaeigenda um milljón

Talið er að kostnaður við kaup og uppsetningu varmadæla sé að meðaltali um 2,3 milljónir króna á hverjum stað. Ráðgjafarþjónusta kostar 300 þúsund krónur að auki þannig að upphæðin nemur um 2,6 milljón króna fyrir hvern þann sem tekur inn varmadælu. Orkustofnun hefur gefið út að hún

styrki verkefnið um 1,0 milljón, Hörgársveit ætlar að styrkja verkefnið um 600 þúsund krónur, þ.e. sveitarfélagið mun greiða ráðgjafarþjónustuna og veita 300 þúsund krónur að auki í styrk vegna kaupa á varmadælu. Má því áætla að kostnaður fasteignaeigenda verði nálægt ein milljón króna.

Snorri segir að þessi upphæð sé svipuð og viðkomandi fasteignaeigandi þyrfti að greiða fyrir heimtaugagjöld vegna hitaveitu, ekki síst þar sem fjarlægðir yrðu miklar frá stofnæð hitaveitunnar.

Tvískiptur göngu- og hjólastígur meðfram Leiruvegi í burðarliðnum

mth@vikubladid.is

Akureyrarbær er í samvinnu við Vegagerðina að undirbúa lagningu nýs göngu- og hjólastígs meðfram norðanverðum Leiruvegi, frá Drottningarbraut og austur að Leirubru. Stefnt er að því að hafa stíginn tvískiptan, þannig að hjólandi og gangandi verða á sitt hvorum stígnum.

Andri Teitsson formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs segir að við stíginn verði settir upp áningar- og útsýnisstaðir þar sem hægt verði að staldra við og njóta lífsins á góðviðrisdögum.

Meðfram Leirubru norðanmegin er 1,5 metra breiða stétt sem erfitt er að breikka og er því verið að skoða hvaða kostir eru í stöðunni þar að sögn Andra.

Eyjafjarðarsveit sér um gerð stígs austan við nýju brúna með tengingu við Skógarböðin. Hugmyndir eru um að koma fyrir



Til stendur að leggja nýja göngu- og hjólastíg meðfram Leiruvegi, frá Drottningarbraut og austur að Leirubru. Hann verður tvískiptur, annar fyrir gangandi og hinn hjólandi. Undirbúningur stendur sem hæst en þess er vænt að verkinu verði lokið sumarið 2023.

undirgöngum undir þjóðveginn í námunda við innkeyrslu að Skógarböðunum. Þannig myndast örugg tenging fyrir nýja stíginn sem Svalbarðsstrandarhreppur er að gera norður og upp í gegnum Vaðlareit, austan við Þjóðveg 1.

Uppbyggingu lokið næsta sumar

„Við erum að vonast til þess að uppbygging Leirustígsins Akureyrmegin verði lokið sumarið 2023 og endanlegum frágangi ári

síðar. Nú eru sérfræðingar umhverfis- og mannvirkjaráðs að fara betur yfir kostnaðaráætlanir, ekki hvað síst hvað varðar færslu og endurbætur á grjótvörn sem verður nokkuð dýr framkvæmd,“ segir Andri.

Stígurinn verður hluti af stofnstígakerfi Akureyrar og mun með tímanum ná norður að sveitarfélagamörkum við Hörgársveit og einnig suður að mörkum við Eyjafjarðarsveit.



Taktu þátt í mótun kröfugerðar Framsýnar!

Framsýn stéttarfélag hefur hafið undirbúning að mótun kröfugerðar fyrir komandi kjaraviðræður sem hefjast á næstu mánuðum við Samtök atvinnulífsins, ríkið og sveitarfélög.

Samninganefnd félagsins hefur samþykkt að leita til félagsmanna varðandi þau áhersluatriði sem þeir vilja fá inn í kröfugerðina. Skoðanir félagsmanna eru afar mikilvægar og því leggjum við mikla áherslu á að sem breiðust þátttaka náist til að raddir allra félagsmanna fái að heyrast í endanlegri kröfugerð sem verður aðgengileg á heimasíðu félagsins, framsyn.is, um leið og gengið hefur verið frá henni endanlega.

Áherslur félagsmanna sendist sem fyrst á netfang Samninganefndar félagsins, kuti@framsyn.is.

Þátttaka þín skiptir verulega miklu máli!

Samninganefnd Framsýnar

Vísbendingar um að jarðhitakerfið á Hjalteyri sé fullnýtt

Virkja þarf önnur jarðhitakerfi sem eru fjær Akureyri

-Heitavatnsnotkun á Akureyri hefur tvöfaldast á 20 árum, langt umfram fólksfjölgun



Hjalteyri - Lagning aðveitueðar til Akureyrar í ágúst 2019.

Mynd: Axel Darri Þórhallsson á vefsíðu Norðurorku

mth@vikubladid.is

Vísbendingar eru um að jarðhitakerfið á Hjalteyri sé orðið fullnýtt, en það mun að sögn Helga Jóhannessonar forstjóra Norðurorku koma betur í ljós á næstunni hvernig kerfið bregst við minnkandi dælingu. Í febrúar sl. kom fram aukið klómagn í mælingum á jarðhitavatninu. Það bendir til aukins sneflimagns úr sjó sem að líkindum kemur gegnum Strýturarnar á botni Eyjafjarðar úti fyrir Arnarnesi.

„Ef þetta er raunin, að jarðhitakerfið við Hjalteyri sé um það bil fullnýtt, blasir við að virkja þarf önnur jarðhitakerfi og þau eru lengra í burtu,“ segir Helgi. Norðurorka á jarðhitaréttindi við

Ytri – Vík og Syðri – Haga og hafa þau verið til rannsóknar undanfarin ár. Kostnaðarsamt sé að sækja heitt vatn um langan veg. Jarðhitakerfið á Hjalteyri hafi verið notað í um 20 ár og staðið undir allri aukningu hitaveiturnar frá þeim tíma. „Við getum þakkað fyrir að Hjalteyrarkerfið hafi verið svo gjöfult sem raun ber vitni, ekki síst þegar horft er til þess að heitavatnsnotkun á Akureyri og tengdum veitum hefur tvöfaldast á þessum tveimur áratugum,“ segir hann.

Berum við næga virðingu fyrir jarðhitaauðlindinni ?

Norðurorka hefur alla tíð lagt áherslu á að ganga ekki of nærri náttúrauðlindum og haft sjálf-

þærni að leiðarljósi. Hlutverk félagsins er að sjá notendum fyrir heitu vatni og þeim lífsgæðum sem hitaveitu fylgir. Tvöföldun á notkun á heitu vatni á 20 árum er langt umfram fólksfjölgun yfir sama tímabil. „Það má velta ýmsu upp varðandi notkun á heitu vatni og hvort við gætum umgengist þessa auðlind okkar af meiri virðingu og haft í huga að sóa henni ekki,“ segir Helgi og nefnir m.a. hvort nauðsynlegt sé að hita upp íþróttavelli að vetrarlagi, hvort breiða ætti yfir sundlaugar og eins megi spyrja sig hvort brýna nauðsyn beri til að hita upp bílplön sem dæmi um hugsanlegan sparnað á heitu vatni. „Það er margt sem hægt er að skoða og gera betur. Við búum á svæði sem

ekki er sérlega ríkt af heitu vatni og þurfum virkilega að huga að því hvernig best er að nýta það,“ segir hann.

Helgi segir stöðuna ekki á þann veg að heitt vatn á Hjalteyrarsvæðinu sé að verða búið, nú sé að finna jafnvægi í sjálfbærri nýtingu á jarðhitakerfinu og bregðast þannig við vísbendingum, framhaldið sé að huga að nýjum vatnsöflunarsvæðum. Enn á eftir að leggja einn áfanga í svonefndri Hjalteyrarlögn sem er eitt af stóru verkefnum Norðurorku undanfarin ár. Kostnaður við heildarverkefnið kringum Hjalteyri var áætlað um 2,5 milljarðar króna en Helgi segir að nýja aðveitulögnin muni alltaf nýtast, ekki síst þegar vatn er sótt úr norðri.

Fimm tilboð í lóð við Höfðahlíð

mth@vikubladid.is

Fimm tilboð búrast í lóðina Höfðahlíð 2 á Akureyri en frestur til að sækja um er runnin út.

Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi Akureyrarbæjar segir að sá sem átti hæsta tilboðið eigi eftir að skila inn endanlegum gögnum til að hægt verði að úthluta lóðinni. „Þegar þessi gögn liggja fyrir veða málin lögð fyrir bæjarráðs,“ segir hann.

Þeir sem sóttu um er BB byggingar ehf. Krista Byggingafélag ehf. Sigurgeir Svavarsson ehf. BF Byggingar og Arctic Circle ehf en síðastanefnda fyrirtækið átti hæsta boð í lóðina.

Samkvæmt gildandi skipulagi er heimilt að fjarlægja núverandi hús af lóðinni og samþykkt hefur verið tillaga um að heimilt sé að byggja á lóðinni hús með fjórum íbúðum.



Húsið við Höfðahlíð 2, Barð eins og það hét í eina tíð verður rífið og er heimilt að byggja fjögurra til fimm íbúða hús á lóðinni. Fimm sóttu um lóðina. Mynd MÞÞ



Eucerin®

LOKSINS LAUSN Á UMMERKJUM EFTIR BÓLUR

STAÐFEST AF
95%*

NÝTT

**PATENTED
THIAMIDOL**



* 100 sjálfboðaliðum sem tóku þátt í rannsókn á umræddri vöru, 8 vikna reglulega notkun tvisvar á dag.
** Klínísk rannsókn með 40 sjálfboðaliðum, 12 vikna reglulega notkun með bæði serum og kremi tvisvar á dag. Dæmi sýnt en einstakar niðurstöður geta verið mismunandi.



Egill P. Egilsson,
ritstjóri.

Upp upp mín sál...

Eftir langa og stranga eyðimerkurgöngu sviðslista undanfarin tvö ár út af svolitlu sem tekur ekki lengur að nefna; er loks farið að rofa til. Og ekki vantar úrvalið af stórkostlegum viðburðum. Hver leiksýningin á fætur annarri hefur verið frumsýnd á undanförunum vikum og leiklistarþyrstir leikhúsunnendur hafa skipt grímunni út fyrir skýlausa aðdáun.

Enda ekki hægt annað en að dást að allri þeirri grósku sem finna má innan leikfélaganna á svæðinu. Skiptir þá engum togum hvort um er að ræða áhugaleikhús eða eina atvinnuleikhúsið á landsbyggðinni. Þarna er allt löðrandi í metnaði, sköpunarmætti og þeirri dýrmætu köllun listafólks að gleðja fólk og hreyfa við því.

Á morgun frumsýnir Leikfélag Hörgdæla leikverkið Í fylgd með fullorðnum, sem byggt er á lagatextum eftir Bjartmar Guðlaugsson en hann verður sjötugur í ár. Um þessar mundir er einnig verið að sýna Kardemommubæinn í Freyvangsleikhúsinu, Skuggasveinn er í Samkomuhúsinu á Akureyri, framhaldsskólarnir eru á fullu með metnaðarfullar leiksýningar og svona mætti lengi telja. Og þá er ótalin öll önnur sviðslist sem verið er að sýna um þessar mundir.

Ég er hræddur um að mannsandinn væri fátækur ef ekki væri fyrir listirnar, því höfum við svo sannarlega fengið að finna fyrir á tímum veirunnar sem ég ætla ekki að nefna á nafn. Listafólk á þakkir skildar fyrir framlag sitt til léttari lundar okkur hinna.

Það er því við hæfið að ljúka þessari hugleiðingu með því að hvetja alla til að skella sér í leikhús, tónleika, eða á aðrar listasýningar. Það léttir lundina og styrkir um leið listafólk sem heldur betur hefur þurft að finna fyrir því pestarkreppunni.



„Ég er hræddur um að mannsandinn væri fátækur ef ekki væri fyrir listirnar, því höfum við svo sannarlega fengið að finna fyrir á tímum veirunnar sem ég ætla ekki að nefna á nafn“

Útsýni vikunnar



Skíðasvæði Húsavíkur er nú uppá Reykjaheiði við Reyðarárhnjúk. Lyftan sem áður var í Skálamel var flutt og opnuð formlega þann 28. desember 2019. Skíðavæðið er sannkölluð náttúruperla með og hentar ákaflega vel fyrir fjölskylduna að eyða deginum á skíðum með börnunum. Blíðskaparveður var um síðustu helgi á svæðinu þegar Karl Hreiðarsson tók þessa mynd



Ummælin

Þegar menn fela verk sín í myrkri og blekkingum þá er það yfirleitt vegna þess að þau þola ekki gagnrýni og þeir hinir sömu geta heldur ekki tekið henni

segir Aðalsteinn Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Lífsmótunar á Laugum í Reykjadal, í áskorun sem hann sendi sveitarstjórnnum Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps. Þar gagnrýnir hann framkvæmdir sem hófust nýlega við húsnæði Seiglu, Litlulaugarskóla á Laugum. Aðalsteinn segir framkvæmdirnar vera kostnaðarsamar en til stendur að breyta húsnæðinu í sveitarstjórnarskrifstofu. Hann telur verkefnið illa undirbúið og skorar á sveitarstjórnirnar að stöðva framkvæmdir nú þegar.



PILLUR VIKUNNAR

Hornspyrnudómarar

egillpall@vikubladid.is

Enn og aftur verð ég vitni að fótboltadómurum á Englandi gera sitt besta til að eyðileggja þessa frábæru afþreyingu fyrir mér. Reglur í fótbolta eru flestar skýrar, vissulega misskýra og eitthvað virðast þær vera opnar til túlkunar hverju sinni enda eru enskir dómarar þeir færustu í elítufótboltanum við það að vera ósamkvæmir sjálfum sér.

Ekkert fer þó meira í mínar fínustu en þegar þeir teifa leikinn

áður en hornspyrna er tekin. Þessi ömurlega áráttu ensku dómaranna til að stöðva leikinn og skombera svo valdsmannlega inn í vítateig til að láta leikmenn sem eru að takast á, vita að það megi ekki hrinda, toga og sparka í andstæðinginn.

Auðvitað eiga leikmennirnir að vita þetta. Leyfðu hornspyrnunni bara að eiga sér stað og dæmdu svo aukaspyrnu eða víti ef leikmaður brýtur af sér. Svo einfalt er það.

Aldeilis frábær mokstur

egillpall@vikubladid.is

Fólk sem hefur lent í því nú í vetur að þurfa fara í bæjarferð suður yfir heiðar hefur óhjákvæmilega orðið fyrir athyglisverðri hugljómun.

Vetraríkið hefur haft töglir og haldir Íslandi undanfarna mánuði og þá sérstaklega á suðvesturhorninu. Norðlendingar, ekki síst þeir sem hafa stundað þjóðarsportíð vinsæla: Að tuða yfir snjómokstri

hafa snúið aftur norður svoleiðis himinlifandi með alla þá frábæru þjónustu sem byggðarlögin í fjórðungnum okkar bjóða upp er snýr að snjómokstri. Fólk hefur nefnilega áttað sig á því að snjómokstur er hvergi í veröldinni eins miklum ólestir eins og í henni Reykjavík. Við getum því verið þakklát fyrir snjómokstursþjónustuna í okkar heimabyggðum.



Þórarinn Ingi Pétursson
skrifar

Sanngjörn samkeppni

Undanfarin misseri hefur innlend kjöfframleiðsla átt í harðri og ósanngjarnari samkeppni við erlenda framleiðslu í smásölu hér heima. Við vitum að staðan í sauðfjárrækt og nautgriparækt er verulega þung og komin að þolmörkum. Ef ekki á illa að fara þá er mikilvægt að grípa strax til aðgerða. Aðgerða sem við vitum að skili árangri. Þingflokkur Framsóknar hefur lengi talað fyrir því að kjöfframleiðslan fari sömu leið og mjólkuriðnaðurinn. Þá er átt við að nýta heimild 71. gr. búvörulaga, sem kveður á um undanþágu frá samkeppnislögum og heimilar sameiningu afurðastöðva.

Nauðsynlegt er að hagræða
Fyrir liggja ýmsar greiningar á hver hagræðingin gæti orðið innan þessa geira. Þær benda til þess að allt að 1,5 milljarða hagræðing gæti átt sér stað innan sauðfjárræktarinnar og nautgripaframleiðslunnar. Ef svína- og alifugla-

rækt væru tekin með yrði talan enn hærri, þ.e. um 2-3 milljarða hagræðing af sameiningu á ári.

Bændur eru orðnir langþryttir á viðvarandi ástandi og ef ekkert verður gert er mikil hættu á því að fjöldi þeirra dragi úr eða jafnvel hætti framleiðslu. Það er ekki boðlegt að reka fyrirtæki í því umhverfi sem bændum er boðið upp á í dag.

Við eigum að skapa þessum greinum viðunandi starfsumhverfi og tryggja samkeppnishæfni. Þar er algjört frumskilyrði að bændur og aðrir kjöfframleiðendur hafi viðundandi afkomu af framleiðslu sinni. Við höfum tækin og tólin til að grípa inn í og það er tilefni til að nota þau. Við í Framsókn erum óhrædd við að styðja og vernda íslenska matvælaframleiðslu.

Það eru 17 ár síðan ofangreind undanþága frá samkeppnislögum var gerð í mjólkuriðnaðinum og má með sannni segja að það hafi tekist ágætlega til. Unnið hefur

verið eftir metnaðarfullri áætlun, verkaskipting er skýr og allt gengur út á að ná fram hagræðingu innan iðnaðarins. Hagræðingin innan mjólkuriðnaðarins nemur allt að 3 milljörðum á hverju ári.

Við umfjöllun á þessu er grundvallaratriðið að ná fram hagræðingu og lækka framleiðslukostnað. Í því samhengi er ekki einungis verið að hugsa um hag frumframleiðandans heldur alla virðiskeðjuna. Markmiðið er að tryggja hag allra, ekki síst neytenda.

Endurskoðun á tollasamningi

Annað atriði sem leggja þarf áherslu á snýr að tollasamningi Íslands við Evrópusambandið og endurskoðun á honum, sérstaklega í ljósi þess að nú hafa Bretar gengið þar út. Höfuðmarkmið samningsins verður að vera að skapa íslenskum landbúnaði eðlileg og sambærileg samkeppniskilyrði gagnvart þeim landbúnaði

sem hann á að keppa við. Það er vandasamt að keppa við innflutning matvöru þar sem allt önnur lögmál gilda, t.d. löggjöf um aðbúnað dýra, staðlar og kröfur eru ekki í samræmi við íslenskar reglur og kjör landbúnaðarverkamanna eru allt önnur. Tollar á innflutta matvöru eru eitt öflugasta verkfærið við eflingu innlendrar matvælaframleiðslu og við eigum að vera ófeimin við að nota það, líkt og önnur ríki.

Nýtum verkfærin

Við Íslendingar eigum mikil sóknarfæri í landbúnaði, en tími aðgerða er núna! Við eigum að nýta heimildina í 71. gr. búvörulaga og endurskoða tollasamninginn við Evrópusambandið. Þetta eru forgangsmál.

Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins.

Krossgáta Vikublaðsins



Nr.	Fyrir ofan köstudu	Slapp Megin	Heilsu-Vara	Hvaf? Stökur	Pilta	Ílát Sefa
417			Væl Handlaug Hrökk			
Hita						
→	1			→	↓	
Kenning				Ristir Karl-fuglar		
Óska			Falin Dægur			
Telja Totu	v					3
BB ↓	For-fadir Múla	Hnetu-kjarninn	Húð-Fletta Aðir	úr-koma	Skrið-dýrið Spilið	Ílát Tíndi
Öld-ungur			2		Góla Beiskar	Dökka Beitt nøgl
upp á Pipuna				Hljóðkeri Vinselt	Spjalla Þvaðrar	
			6	Þræl-dóms úrkoma	Þang Starf-ræki	1
Frag önd				Afriku-ríki	Plagar Væina	Öðlast Tæp
Afundin Hörfar				Leiði Mögur	Konu Ljúka Ótta	
				Þristi Tangi	Ílát Að auki Ósleði	v 5
Kær-leikur	Notkun Hesta				Muld-ur	
→	4	Nefnd Síðad			Sögu-Persóna	
						6

Höfundur: Bragi V. Bergmann / bragi@fremri.is

Lausnarorð gátunnar er nafnorð og fæst með því að raða saman stöfunum úr tölusettu reitunum. Rétt lausnarorð birtist í næsta Vikublaði. Lausnarorð síðustu gátu var: **FRÆNDI**

Einar Óli með tvenna útgáfutónleika

„Ég fann allan léttinn og það byrjaði að streyma úr augunum á mér“

- Fyrsta platan hefur fengið góðar viðtökur

Einar Óli Ólafsson er tónlistarmaður frá Húsavík sem kallar sig iLo. Í nóvember á síðasta ári gaf hann út plötuna Mind Like a Maze sem aðgengileg er á öllum helstu streymisveitum. Þetta er fyrsta plata Einars Óla en hæfileikarnir eru næstum yfirþyrmandi og nokkuð ljóst að hann á eftir að gera sig gildandi á tónlistarsviðinu á næstu árum. Hæfileikaríkt fólk dregur líka að sér annað hæfileikaríkt fólk og á plötunni koma þungavigtar manneskjur í tónlistarbransanum, s.s. Pálmi Gunnarsson, Kristján Edelstein og Andrea Gylfadóttir við sögu.

egillpall@vikubladid.is

Einar Óli semur sjálfur öll lög og texta, en hann hefur verið að semja tónlist í sjö ár og er hvergi nærri hættur að gefa úr plötur, enda á hann nú þegar mikið af efni á lager. Tónlistin er silkimjúk og draumkennd og snertir í hlustandanum tilfinningar djúpt í iðrum hjartans. Loks þegar pestin skæða krefst ekki lengur þeirra takmarkana sem við höfum þurft að aðlaga okkur að síðast liðin tvö ár; er kominn tími til að hlaða í útgáfutónleika. Það gerir Einar Óli, eða iLo í kvöld á Græna Hattinum klukkan 21. og aftur í Samkomuhúsinu á Húsavík á morgun föstudag klukkan 20. Það er óhætt að mæla með þessu tónleikum og fullyrða að engin verði svikinn en platan verðu flutt í heild sinni.

Ég settist niður með Einari Óla á dögnum og ræddi við hann um tónlistina og upptökuferlið en hann segist vera mjög spenntur fyrir því að fá að spila plötuna lokins fyrir áhorfendur og lofar einstakri stemningu.

Tekin upp á einum degi

Platan var tekin upp á einum degi þann 30. apríl á síðasta ári á litlum sveitabæ í Eyjafjarðarsveit sem heitir Brúnir. „Já það stemmir, við tókum þetta upp á einu bretti, „live“. Þetta var líka tekið upp á myndband og það er hægt að horfa á þetta allt,“ segir Einar Óli en upptökuna má finna á vef sjónvarpsstöðvarinnar N4.

Þó að upptökur hafi aðeins staðið yfir þennan eina dag, þá kalla slíkar upptökur á gríðarlega mikinn undirbúning enda þarf allt að vera fínslipað og því sem næst fullkomið þegar tölur hefjast. „Jú þetta var meira en að segja það og mikill undirbúningur á bak við upptökurnar. Ég byrjaði í raun að undirbúa mig fyrir þær í september 2019 og við æfðum í marga mánuði enda gátum við ekkert tekið upp fyrr en við vorum tilbúnir. Þetta er allt bara ein taka,“



Einar Óli Ólafsson lifir og hrærist í tónlist og er fullur tilhlökkunar að flytja lög sín fyrir tónleikagesti.

útskýrir Einar Óli og bætir við að hann hafi verið afar heppinn með fólkið í kringum sig, enda hafi þetta ekki verið hægt nema með einvalaliði tónlistarfólks sem að plötunni kom.

Fagfólk í hverri stöðu

„Þegar ég fór í nám á Akureyri fyrir þremur árum kynntist ég fullt af fólki sem hefur reynst mér gríðarlega vel í tónlistinni. Ég nefni til dæmis Kristjáni Edelstein gítarleikara sem er líka pródúser“. Hann var strax mjög spenntur fyrir því að taka upp tónlist með mér, enda byrjaði boltinn að rúlla hjá mér eftir að ég kynntist honum. Svo kynntist ég Andreu Gylfa og er bara gríðarlega heppinn með fólki

í kringum mig,“ segir Einar Óli en Kristján spilar á gítar á plötunni og Andrea syngur bakraddir.

„Það var þannig að þegar við tókum upp síðasta lagið, þetta var fyrsta taka og þegar ég kláraði lagið þá bara vissi ég það að þetta steinlá og við þurftum ekkert að gera þetta aftur“

„Þau ásamt Pálma Gunnars eru með mér á plötunni, við erum 14 manns sem spilum á henni, ekki allir á sama tíma reyndar en þetta er fjöldinn sem kemur að plötunni. Og allt er þetta framúrskarandi listafólk,“ segir Einar Óli og bætir við að vinur hans, Sigfús Jónsson hafi annast upptökur og hljóðblöndun. „Hann hefur verið að taka upp undir nafninu Hljómbræður, ásamt bróður sínum Guðjóni. Sigfús tók upp plötuna og mixaði.“

„Þægileg tónlist“

Þegar ég spyr Einar Óla út í hvernig hann skilgreini tónlist sína, hvort hægt sé að setja hana í einhvern ákveðinn flokk tónlistarstefna; þá



verður hann hugsi enda kannski ekki auðvelt að setja merkimiða á hugarfóstur sitt. „Mér finnst það eiginlega mjög erfitt, ég hef oft sagt að þetta sé bara svona indie, en yfirleitt þegar ég er spurður þá segi ég bara að þetta sé svona þægileg tónlist,“ útskýrir hann og lætur þar við sitja. Enda getur hlustandinn séð um það að meta hvar á landakortinu tónlist hans á heima.

Sjálfur segist Einar Óli hafa ákaflega blandaðan tónlistarsmekk og toppllistinn uppfærst stöðugt. „Ég er rosalega blandaður og skipti um uppáhaldstónlistarmenn eins og nærbuxur en núna í augnablikinu er það tónlistarmaður sem heitir Matt Corby sem ég uppgötvaði alveg óvart en svo líka James May og John Mayer svo einhverjir séu nefndir.“

Þakklátur fyrir viðbrögðin

Einar var áður búinn að gefa út nokkur stök lög á streymisveitum undan farin tvö ár en þegar Mind Like a Maze kom út í lok nóvember fór hann að taka eftir aukinni hlustun. Hann er líka að skoða möguleika á því að gefa plötuna út á vinyl. „Ég er að láta mig dreyma um að koma þessu úr á vinyl líka en þá bara í takmörkuðu upplagi, aðallega af því mig langar svo mikið til að eiga þetta sjálfur á plötu,“ segir hann og hlær.

Einar segist vera afar þakklátur fyrir allan þann stuðning sem hann hefur fengið í öllu ferlinu og fyrir viðbrögðin við plötunni, sem hafa verið afar jákvæð.

„Ég hef fengið rosalega skemmtileg viðbrögð við þessu, það hefur komið mér mikið á óvart en það er ótrúlegasta fólk að senda mér skilaboð og hrósa mér fyrir tónlistina. Það er einhvern veginn núna þegar ég er búinn að gefa út heila plötu að hlustunin er að taka við sér. Ég er búinn að vera ýta og ýta á fólk að hlusta þegar ég hef verið að gefa út lag og lag, en það er fyrst núna að ég er að taka eftir aukinni hlustun. Það getur verið erfiðara en margir halda að fá fólk til að kveikja á þessu og hlusta,“ segir tónlistarmaðurinn ungi. „Maður getur fylgst með því á Spotify hversu margir eru að hlusta og það er fyrst núna sem hlustunin er að aukast.“

Það er liðin um tvö ár síðan fyrsta lag Einars Óla kom út en eins og áður segir þá hefur hann verið afar iðinn við að semja lög og texta í hartnær sjö ár. „Ég er búinn að vera semja mína eigin tónlist í sjö ár og á efni í tvær plötur í viðbót en þær koma með tíð og tíma. Þetta ferli er alveg búíð að taka á, enda mjög mikil vinna á bak við þetta og þess utan er ég í tveimur vinnum líka,“ segir hann og bætir við að það megi segja að hann hafi fengið tónlistagenin með móðurmjólkinni enda mikið um tónlistarfólk í ættinni. „Já enda er ég með tvær systur mömmu með mér á plötunni í bakröddum, Svövu og Bylgju Steingrímsdætur,“ segir hann.



iLo mundar kassagítarinn.

Mikið spennufall

Einar Óli skekur sér aðeins til í sófanum þegar ég spyr út í hvernig tilfinningin hafi verið þegar upptökum lauk á hans fyrstu plötu sem hann er búinn að leggja líf og sál í í svo langan tíma. „Ég get alveg lýst því,“ segir hann og bætir svo við að eftir nokkrar vikur verði gefið út heimildarefni um það sem gerðist á bak við tjöldin við gerð plötunnar. „Við vorum með myndavél á okkur allan tímann, það var einn upptökumaður sem var límdur við mig allan tímann,“ útskýrir Einar Óli og vindur sér svo í það að lýsa tilfinningum sínum að tökum loknum.

„Það var þannig að þegar við tókum upp síðasta lagið, þetta var fyrsta taka og þegar ég kláraði lagið þá bara vissi ég það að þetta steinlá og við þurftum ekkert að gera þetta aftur. Ég vissi það bara. Ég sagði við Fúsa sem var að taka upp: Erum við ekki bara góðir? Og Fúsi svaraði jú ég held það og gaf það til kynna með svipbrigðum að ég hafi neglt þetta. Ég man eftir því að Guðjón félagi minn stóð upp frá píanóinu og tók utan um mig og ég fann allan léttinn og það byrjaði að streyma úr augunum á mér. Ég byrjaði bara að hágrenja eins og lítill krakki með ekka. Þetta var því líkt spennufall. Þetta var rosalega sterk tilfinning og dásamleg,“ segir Einar Óli og ég sé það í augunum á honum að hann er að endurupplifa augnablikið í huganum.

„Svo voru auðvitað tilfinningar líka þegar ég hleypti þessu inn á streymisveiturnar en það var meira svona spenna og eftirvænting. Það er náttúrlega bara gaman

að maður sé búinn að vera byggja þetta upp lengi og reyna ná til sem flestra á samfélagsmiðlum þannig að þetta er alltaf gaman,“ segir Einar Óli Ólafsson eða iLo að

lokum og hvetur alla sem áhuga hafa á góðri tónlist að kíkja á tónleikana, annað hvort á Græna hattinum í kvöld eða Samkomuhúsinu á Húsavík annað kvöld.









Ertu með markaðs- og auglýsingamálin á hreinu?

Við aðstoðum fyrirtæki úr ólíkum greinum eins og ferðapjónustuaðila, verktaka, íþróttafélög, vefverslanir og fleiri að ná til markhópa sem henta þeim.

ÞAÐ KOSTAR EKKERT AÐ HAFNA SAMBAND

MARKIS.IS

☎ 412-0000

✉ markis@markis.is







MARKAÐS- OG BIRTINGAÞJÓNUSTA
Á AKUREYRI



ÞANKAR gamals Eyrarpúka

Einvalið kennara starfaði við Barnaskólann eina á Akureyri um miðja 20. öldina. Ekki nóg með að þeir sinntu starfi sínu þar af mikilli kostgæfni heldur voru margir þeirra þekktir í bænum vegna annarra starfa sem þeir unnu að í frístundum. Nægir að nefna stjórnendur skólans þá Hannes J. Magnússon og Eirík Sigurðsson sem gáfu út barnablaðið Vorið og naut vinsælda um allt land, Örn Snorrason sem skrifaði metsölu-bókina "Þegar við Kalli vorum strákar," Tryggva Þorsteinsson skátahöfðingja og Björgvin Jörgensson en hann stjórnaði Barnakór Akureyrar sem söng oft í óskalagaþáttum útvarpsins en í þá daga varð ekki komist öllu lengra.

Á þessum tíma kom ungur og vaskur kennari til skólans sem kenndi myndlist og leikfimi. Hann hét Einar Helgason og sagður að austan. Fljótt ávann hann sér hylli okkar nemenda enda ákaflega hvetjandi kennari hvort heldur hann fræddi okkur um leyndar-dóma myndlistarinnar, leikfimi

eða aðrar íþróttir. Hann sýndi okkur oft sjálfur hvernig gera átti leikfimiæfingar af slíkri fimi, krafti og list að við supum hreinlega hveljur. Enn jókst álit okkar á honum þegar orðstír hans í marki knattspyrnuliðs ÍBA barst langt út fyrir bæjarmörkin.

Það vakti strax mikla athygli meðal okkar bekkjarsystkina í 43-árganginum þegar fréttist að Einar hefði trúlofast glæsilegri konu sem var líka íþróttakennari við skólann. Þar var komin til sögunnar Ásdís Karlsdóttir. Árgangurinn var samdóma um að með þessum ráðahag hafi komið fram eitt glæsilegasta og gæfulegasta par seinni tíma. Því væri ástæða til að fagna og Helga Haralds í Brauns-verzlun safnaði liðinu saman og komst einhvern veginn yfir forlata blómvönd. Með hana og vöndinn fremsta í flokki örkuðum við í tugatali eitt hádegið í halarófu niður í bæ. Rögnvaldur kammerráð vinkaði okkur glaðlega þar sem hann stóð fyrir framan höfuðstöðvar sínar undir kirkju-



Ásdís og Einar.

tröppunum. Ægir Hjartarson var við blaðavagninn sinn á kaupfélagshorninu og tók upp sjónaukann góða til að skoða hvaða flóðbylgja þetta væri en róaðist þegar hann sá að hér voru aðeins á ferð kátir krakkar í einhverri óvissuferð. En engin óvissa var í okkar huga hvert ferðinni var heitið því hersingin hélt rակeitt yfir Hafnarstrætið, framhá Vöruhúsinu og að húsinu númer eitt hundrað. Þar var leitað inngöngu og síðan flæddi mannskapurinn upp á aðra hæð og stóð fyrir framan hurðina að mötuneytinu sem þar var. Auk þess tróðum við okkur í stigann fyrir ofan og neðan og biðum spennt þegar Helga barði að dyrum. Einn kostgangurinn lauk upp og Helga spurði hvort

Einar Helga væri þarna inni. Hann játti því og kallaði stundarhátt til Einars að verið að væri spyrja eftir honum. Heyra mátti saumnál detta þegar Einar birtist og Helga afhenti honum hátíðlega blómvöndinn góða og óskaði honum og Dísu til hamingju með trúlofunina. Opinmyntur og steinhissa tók hann við vendinum um leið og við klöppuðum öll svo undir tók í stigaganginum. Þetta telja fróðustu menn vera eitt af þeim örfáu tilvikum sem Einar Helgason varð gjörsamlega orðlaus. Hann var greinilega bæði hræður og þakklátur og við ánægð að hafa glatt hann enda átti hann það sannarlega inni hjá okkur.

Ingólfur Sverrisson

44 milljónir til rannsókna á menningarminni í Evrópu

Háskólanum á Akureyri gengur vel að sækja Erasmus+ styrki

egillpall@vikubladid.is

Markus Meckl prófessor við Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri leiðir verkefnið „Cultural memory in Europe: commemoration, memory making, and identity in the 21st century“ sem fékk samþykka umsókn um Erasmus+ styrk í flokki samstarfsverkefna (e. Strategic Partnership Project).

Verkefnið var styrkt að um tæpar 312 þúsund evrur eða um 44 milljónir íslenskra króna og er unnið í samstarfi við háskóla á Ítalíu, Austurríki, Grikklandi, Belgíu og Serbíu.

Starfsfólki HA hefur gengið vel að sækja um Erasmus+ styrki í

flokki samstarfsverkefna og má þar nefna verkefnið BRIDGES sem fékk 46 milljóna króna styrk árið 2020.

Erasmus+ er styrkjaáætlun ESB fyrir mennta- æskulýðs- og íþróttamál 2021 - 2027 en veittar verða 26 milljarðar evra í styrki á þessu sjö ára tímabili til fjölbreyttra verkefna.

Áætlunin styður meðal annars skiptinám, sjálfbóðaliðastarf, ungmennaskipti, símenntun starfsfólks, notkun upplýsingatækni í kennslu, tungumálanám, viðurkenningu á færni, fjölbreytt samstarfsverkefni, nýsköpun í kennslufræðum, stefnumótun á öllum stigum, átök gegn leikja-



Markus Meckl prófessor við Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Mynd/unak.is

svindli og fíkniefnanotkun íþróttum og margt fleira.

Yfir 10 milljónir Evrópubúa hafa

notið stuðnings frá Erasmus áætluninni frá því hún hóf göngu sína árið 1987.



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



SPARISJÓÐURINN

Suður-Þingeyjarsýslu

Traustur bakhjarl

Holl og góð græn skref í mötuneyti starfsmanna MA

Verkefnið Græn skref er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Með þátttöku í Grænum skrefum gefst stofnunum tækifæri á að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti undir handleiðslu sérfræðinga Umhverfisstofnunar. Verkefnið er fjármagnað af Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og er þátttaka því stofnunum að kostnaðarlausu.

Menntaskólinn á Akureyri er þátttakandi í verkefninu en á heimasíðu verkefnisins, er athygli vakin á grænum skrefum mötuneytis starfsfólks MA en stór hluti verkefnisins snýr einmitt að fæði starfsfólks. „Við getum haft mikil áhrif á kolefnisspor okkar með vali á fæðutegundum og með því að sporna gegn matarsóun. Meðal þess sem Grænu skrefin leggja til er að auka úrval grænkerarétta, hafa umhverfisvænasta réttinn efst á matseðli (þegar fleiri en einn eru í boði) og að auka hlutfall lífræna matvæla á matseðli,“ segir á heimasíðu Grænu skrefanna.



Dæmi um rétti sem í boði eru í mötuneyti starfsfólks MA

Það reyndist einfalt fyrir Menntaskólann Akureyri að safna stígum fyrir þessi atriði, en mötuneyti starfsmanna er rekið með það að sjónarmiði að matarsóun sé sem allra minnst, og eingöngu er boðið upp á grænmetis- og grænkerafæði sem er í senn heilsusamlegt, litríkt og gómsætt. Við úttekt á þriðja skrefinu hjá MA vakti þetta sérstaka athygli. „Okkur hjá Grænu skrefunum lék forvitni á að vita hvernig gengi að reka grænmetismiðað mötuneyti og hvernig starfsfólkið tæki því, en um 25-35 starfsmenn snæða þar daglega í hádeginu.“

An-Katrien Lecluyse hefur eldað fyrir starfsfólkið í MA í um sjö ár og hefur grænmetisfæði hennar verið almennt vel tekið samkvæmt umfjöllun á vef skólans. Þar segir að hún hafi jafnvel verið beðin um að halda kvöldnámskeið í matreiðslu grænmetirétta svo starfsfólk geti boðið upp á svipaðan mat heima við.

Í innkaupum horfir An-Katrien

til þess að kaupa sem mest lífrænt, og mat sem framleiddur er í nær-umhverfi þegar það er mögulegt. Hún segir oft erfitt að komast hjá plastumbúðum, og að matvæla-fyrirtæki og birgjar þyrftu að taka sig á í þeim efnum. Allt er eldað frá grunni í eldhúsinu af henni og öðrum starfsmanni, og það er fyrir fram skráning í matinn til að hægt sé að elda nákvæmt magn. Á föstudögum er boðið upp á afgangavikunnar, og kapp lagt á að farga sem minnstu.



An-Katrien Lecluyse og Oddrún Magnúsdóttir reida fram holla, litríka og bragðgóða grænmetisrétti í mötuneyti starfsfólks í MA. Mynd/MA.is



Tónlistarskóli Húsavíkur - Störf laus til umsóknar



Tónlistarskóli Húsavíkur hefur verið starfræktur frá árinu 1961. Skólinn hefur aðsetur í Borgarhólsskóla og er samstarf skólanna

tveggja umtalsvert. Frá árinu 1992 hefur verið í gangi samstarfsverkefni Tónlistarskólans, Borgarhólsskóla og leikskólans Grænuvalla sem hefur það að markmiði að bjóða öllum skólabörnum upp á markvissa og fjölbreytta tónlistarkennslu. Tónlistarskóli Húsavíkur er með útibú í Öxarfjarðarskóla þar sem nemendur Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar fá tónlistarkennslu. Auk þessa býður tónlistarskólinn nemendum í Framhaldsskóla Húsavíkur upp á fjölbreytt tónlistarnám til eininga og tónlistarsérhæfingu á opinni stúdentsbraut. Uppeldislutverk Tónlistarskólans er því mikið. Stöðugildi við skólann eru 7,5 og nemendur um 160.

Tvær stöður tónlistarkennara við Tónlistarskóla Húsavíkur eru laus til umsóknar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi:

- Tónlistarkennari – 70-100% starf
- Tónlistarkennari – 30-50% starf

Starfslýsing

Leitað er að fjölhæfum tónlistarkennurum sem hafa metnað og búa yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi og framsækið skólastarf í samvinnu við annað starfsfólk, foreldra og nemendur. Jafnframt að styrkja stöðu skólans í nær-umhverfinu með markvissu samstarfi við aðrar mennta- og menningarstofnanir. Óskað er sérstaklega eftir kennurum sem geta kennt rytmískt píanó og dægurlagasöng, svo og strengja- og harmonikukennara. Kennt er bæði í einkatímum og samkennslu, auk þess sem boðið er upp á fjölbreytt samspil, rytmískt, klassískt og afrískt.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tónlistarkennaramenntun eða haldgóð tónlistarmenntun sem nýtist í starfi
- Mikil samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar
- Kennslureynsla í tónlistarskóla; reynsla af sam- og hópkenndu er mikill kostur.
- Góð tölvukunnátta er kostur
- Sveigjanleiki/aðlögunarhæfni

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2022.

Umsóknum skal skila með tölvupósti til skólastjóra Tónlistarskóla Húsavíkur á netfangið adrienne@tonhus.is

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Tónlistarskóla Húsavíkur að Skólagarði 1 á Húsavík í síma 464 7290 eða með fyrirspurnum á netfangið adrienne@tonhus.is

Norðurþing er öflugt sveitarfélag sem einkennist af fjölbreyttu mannlífi miklum og sköpunarkrafti manns og náttúru.

Leikfélag VMA sýnir Lísu í Undralandi

Sannkölluð frumsýningargleði um helgina

egill@vikubladid.is

Lísa í Undralandi var frumsýnd í Gryfjunni í VMA sl. laugardag og önnur sýning var á verkinu á sunnudag.

Leikverkið byggir á bók eftir Lewis Carrol, sem flestir ættu að kannast við en hún var fyrst gefin út árið 1865 og hefur verið þýdd á vel á annað hundrað tungumál. Leikgerð sýningarinnar er eftir Margréti Örnólfsdóttur en tónlistin er eftir Dr. Gunna. Leikstjóri er Sindri Swan. Höfundur dansa í sýningunni er Eva Reykjalin.

Prettán leikarar eru í sýningunni í átján hlutverkum en í henni taka þátt um fimmtíu nemendur VMA og sjá þeir m.a. sviðs-, búninga- og tæknimál og annað sem þarf að gera við uppsetninguna.

Sýnt er í Gryfjunni í VMA (gengið inn að austan), sem hefur verið breytt í flott leikhús.

„Ferli leikfélagsins þetta árið hefur verið piprað af fjarverum bæði vegna Covid 19 og annarra veikinda. Hægt er að telja fjölda æfinga þar sem allir hafa verið viðstaddir á fingrum annarrar handar og er það til vitnis um þrautseigju þessara ungu einstaklinga sem margir hverjir hafa ekki upplifað hefðbundna skólagöngu síðastliðin ár. Það má taka ómældan innblástur í þolinmæði, úræðasemi og sköpunargleði nemenda Verkmenntaskólans, sem hafa ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur í kringumstæðum sem margir myndu gera minna,“ segir Sindri Swan í leikskrá sýningarinnar.

Óhætt er að mæla sterklega með sýningunni, enda þykir hún mjög vel gerð á allan hátt. Leikarar



Sigríður Erla Ómarsdóttir í hlutverki Hjartadrottningarinnar.



Eyrún Arna Ingólfssdóttir og Úrsúla Nótt Siljudóttir í hlutverkum Lísu og kennslukonunnar.

standa sig mjög vel, sýningin flýtur vel áfram og umgjörðin er flott. Sérstaklega skal getið flottrar sviðsmyndar og búningarnir, fördun og hárgreiðsla er alveg sérkapítuli.

Á vef skólans er greint frá að mikil frumsýningargleði hafi verið ríkjandi, enda ástæða til. Leikfélag VMA og allir sem að sýningunni komu geta sannarlega borið höfuðið hátt með þessa flottu sýningu. Ekki var annað að sjá en að leikhúsgestir á öllum aldri skemmtu sér vel á frumsýningunni.

Allir sem vettlingi geta valdið eru hvattir til þess að bóka sig í hveli á sýningarnar sem nú þegar hafa verið ákveðnar; á morgun föstudag, 11. mars, kl. 18 og laugardaginn 12. mars kl. 15. Hægt er að tryggja sér miða á heimasíðu Þórðunar, nemendafélags VMA.

Freyvangsleikhúsið í Eyjafjarðarsveit

Vel heppnuð frumsýning á Kardemommubænum

egillpall@vikubladid.is

Kardemommubærinn var frumsýndur fyrir fullu húsi s.l. föstudagskvöldi í Freyvangi við fráberar viðtökur áhorfenda sem skemmtu sér konunglega með Bastían bæjarfógeta, Soffíu frænku

og Kasper, Jesper og honum Jónatan. Sýningar verða alla laugar- og sunnudaga í mars kl 13.

Sýningin er afar metnaðarfull en alls taka 26 leikarar taka þátt í uppsetningunni. „Við erum með hljómsveit og svo erum við með alla hina. Ég held að við séum að lágmarki 60 manns sem komum



Það var hátíðleg stund þegar Freyvangsleikhúsið frumsýndi Kardemommubæinn um liðna helgi. Frumsýningagestir og aðstandendur sýningarinnar brostu út að eyrum.



Aðstandendur sýningarinnar að lokinni frumsýningu.

Myndir/aðsendar

að sýningunni með einum eða öðrum hætti,“ sagði Jóhanna Sigurbjörg Ingólfssdóttir, formaður Freyvangsleikhússins í samtali við Vikublaðið.

Ólafur Jens Sigurðsson sér um leikstjórn og tónlistarstjórn er í höndum Guðlaugs Viktorssonar en hann er skólustjóri í Tónlistarskólanum að Hrafnagili.

Fyrst til að ljúka doktorsprófi við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

Helga Kristjánsdóttir er vísindamaður mánaðarins

Helga Kristjánsdóttir er prófessor og hagfræðingur við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði alþjóða-hagfræði.

Hefur unnið að umfangsmiklum rannsóknum

Helga hefur verið virk í rannsóknum og sinnt umfangsmiklum fræðastörfum. Meðal annars með birtingum hjá Springer, Elsevier og Routledge Taylor & Francis. Hún á fjölda ritrýndra alþjóðlegra vísindagreina á vefnum Web of Science ISI. Sérhæfing hennar er á sviði viðskipta- og hagfræði með áherslu á alþjóðahagfræði. „Smá hagkerfi reida sig yfirleitt meira á alþjóðaviðskipti en stór hagkerfi, í formi innflutnings sem þau mæta með útflutningi. Í smáum hagkerfum felast tækifæri til vaxtar fyrirtækja oft í alþjóðlegum viðskiptatækifærum, sem leitt getur til aukinnar stærðarhagkvæmni í framleiðslu,“ segir Helga.

Rannsóknir Helgu hafa verið á sviði þjóðhagfræði, sem og viðskiptafræði með greiningu milli-ríkjaviðskipta. Einnig á sviði alþjóðlegrar fjárfestingar í formi svokallaðrar beinnar erlendra fjárfestingar, í tengslum við endurnýjanlega orku og sjálfbærni. Jafnframt hefur Helga rannsakað ferðaþjónustu.

Menningarmunur milli landa getur haft áhrif á alþjóðaviðskipti

Vísindagreinar Helgu fjalla meðal annars um fræðilegan grunn alþjóðahagfræði og beina erlenda fjárfestingu. „Með því að ráðast í beina erlenda fjárfestingu (BEF) sem að jafnaði miðast við 10% eða hærra hlut, verður fyrirtækið sem ræðst í fjárfestinguna að fjölþjóðafyrirtæki. Alþjóðaviðskipti kunna því að fela í sér beina erlenda fjárfestingu (BEF) í öðru landi. Fyrirtæki með höfuðstöðvar í tilteknu landi ráðast stundum í slíka fjárfestingu til að fá aðgang að erlendum markaðsvæðum, sem kann að vera þeim hagfelld að teknu tilliti til tolla og útflutningskostnaðar. Við gerð líkana á sviði alþjóðahagfræði, er meðal annars tekið tillit til menningar einstakra landa, þar sem svipuð menning liðkar fyrir viðskiptum“ segir Helga.

Fyrsti doktor frá Viðskipta- og hagfræðideild HÍ

Helga var fyrsti doktorsnemi til þess að ljúka doktorsprófi við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Doktorsritgerð Helgu bar titilinn Determinants of Exports and Foreign Direct Investment in a

Small Open Economy. Í doktorsritgerðinni var leitast við að skýra hvað knýr útflutning og beina erlenda fjárfestingu í smáu opnu hagkerfi á borð við Ísland. Í doktorsritgerðinni er stuðst við kenningar í alþjóðahagfræði með áherslu á hagrannsóknir

Hver er Helga?

Helga er úr Eyjafirði, hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1989 og BS prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hún lauk jafnframt MBA gráðu í stjórnun frá Boston College, í Boston, Massachusetts, í Bandaríkjunum árið 1995 og meistaraþrófi MS í hagfræði frá Catholic University of Leuven í Belgíu árið 2000. Loks lauk hún



doktorsprófi í hagfræði árið 2004 frá Háskóla Íslands. Eftir að hafa lokið doktorsprófi árið 2004 var Helga stundakennari við Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann á Akureyri og orkuháskólann REYST, þar sem hún kom að kennslu 1-2 námskeiða á ári að meðaltali yfir tímabilið 2005 til 2017. Frá árinu 2018 hefur Helga hefur starfað sem lektor, dósent og prófessor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, auk þess að

vera virk í rannsóknum. Þá varð Helga fyrst kvenna til þess að verða prófessor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri.

Frá árinu 2002 hefur Helga verið fulltrúi Íslands í samstarfi fræðimanna á Norðurlöndunum, í Svíþjóð, Noregi, Danmörk og Finnlandi á sviði alþjóðahagfræði og ráðstefnuhaldi í tengslum við NOITS ráðstefnuna og annast skipulagningu og fjármögnun ráðstefnunnar á Íslandi.



Starf laust til umsóknar

Skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur



Tónlistarskóli Húsavíkur hefur verið starfræktur frá árinu 1961. Skólinn hefur aðsetur í Borgarhólsskóla og er samstarf skólanna tveggja umtalsvert. Frá árinu 1992 hefur verið í gangi samstarfsverkefni Tónlistarskólans, Borgarhólsskóla og leikskólans Grænuvalla sem hefur það að markmiði að bjóða öllum skólabörnum upp á markvissa og fjölbreytta tónlistarkennslu. Tónlistarskóli Húsavíkur er með útibú í Öxarfjarðarskóla þar sem nemendur Öxarfjarðarskóla og Grunnskóla Raufarhafnar fá tónlistarkennslu. Auk þessa býður tónlistarskólinn nemendum í Framhaldsskóla Húsavíkur upp á fjölbreytt tónlistarnám til eininga og tónlistarsérhæfingu á opinni stúdentsbraut. Uppeldishlutverk Tónlistarskólans er því mikið. Stöðugildi við skólann eru 7,5 og nemendur um 160.

Starfslýsing

Fullt starf skólastjóra Tónlistarskóla Húsavíkur er laust til umsóknar. Kennsluhlutfall er samkvæmt kjarasamningi.

Leitað er að stjórnanda sem hefur metnað og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi og framsækið skólastarf í samvinnu við starfsfólk, foreldra og nemendur. Leitað er eftir stjórnanda sem hefur sterka sýn á faglega þróun innra starfs skólans. Jafnframt að styrkja stöðu skólans í nærumhverfinu með markvissu samstarfi við aðrar mennta- og menningarstofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tónlistarkennaramenntun eða haldgóð tónlistarmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og/eða faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólum
- Forystuhæfileikar, mikil samskiptahæfni og góðir skipulagshæfileikar
- Kennslureynsla í tónlistarskóla
- Framhaldsmenntun á sviði tónlistar, stjórnunar eða sambærilegra greina æskileg
- Góð tölvukunnátta, þekking á skráningarkerfinu School Archive er kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2022.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi til fræðslufulltrúa Norðurþings á netfangið jon@nordurthing.is

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík í síma 464 6100 eða með fyrirspurnum á netfangið nordurthing@nordurthing.is

Aðalfundur Félags málmíðnaðarmanna Akureyri

Samstarf iðnfélaga í komandi kjarasamningum algert lykilatriði fyrir félagsmenn

segir Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður FMA, sem gagnrýnir forystu ASÍ



Jóhann Rúnar Sigurðsson í ræðustóli á ársfundum FMA.

Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, FMA, segir að samstarf iðnfélaganna í landinu í komandi kjarasamningum sé algert lykilatriði fyrir félagsmenn. Þetta kom fram í ræðu hans á aðalfundi félagsins en fundurinn var jafnframt afmælis- og hátíðarfundur í tilefni af 80 ára afmæli FMA. Engir félagsfundir voru á starfsárinu vegna kórónuveirufaraldursins en alls voru haldnir tíu stjórnarfundir. Félagsmönnum fjölgaði um 10 á starfsárinu og eru nú 453, þar af 8 konur.

Samband iðnfélaga í burðarliðnum?

Jóhann Rúnar kom víða við í ræðu sinni. Hann gagnrýndi forseta ASÍ og framkvæmdastjóra sambandsins fyrir stefnu þeirra í jafnréttismálum. „Nú á dögum snúast málin fyrst og fremst um kyn meira en félagsmenn eða almennt jafnrétti. Forseti virðist heldur ekki

hafa skilning á að meta menntun eða reynslu til launa, sem er að mínu mati verulegt áhyggjuefni,“ sagði hann.

„Eiga iðnfélögin heima innan ASÍ – hvaða leið er okkur farsælust? Reyndar er það svo að formaður veltir því fyrir sér hvaða stefnu iðnaðarsamfélagið eigi að taka. Á að stofna formlega Samband iðnfélaga í því samstarfi sem iðnfélögin hafa verið í, svipað því sem Samiðn stendur fyrir nú og getur leyst þá hluti? Hin leiðin er einfaldlega að sameinast um framboð iðnfélaganna til embættis forseta ASÍ.“

Jóhann telur að samstarf iðnfélaganna á landsvísi sé eitt af því mikilvægasta fyrir félagsmenn FMA gagnvart réttindum og launasamningum inn í framtíðina og að á það muni sannarlega reyna í næstu kjarasamningum. „Það er fyrir tilstilli þessa félags sem þetta samstarf varð að veruleika og þess má m.a. geta að það var í gegnum



Jóhann Rúnar afhendir Ólöfu Tryggvadóttur gullmerki félagsins.

þetta samstarf sem við náðum að koma inn endurgreiðslu virðisaukaskatts á vinnu iðnaðarmanna, sem styrkti svo sannarlega störf okkar á þessum erfiðu tímum,“ sagði Jóhann Rúnar.

Blása þarf til sóknar í menntamálum

Jóhann gagnrýndi skipulag iðnmenntunar í landinu einnig í ræðu sinni. „Ráðherrar menntamála í gegnum tíðina hafa margsagt í viðtölum að markmiðið væri að fjölga iðnmenntuðu fólki og að allir væru velkomnir að borðinu þegar kæmi að mótun þeirrar áætlunar. Það eru mikil vonbrigði að í gegnum tíðina hefur rödd þeirra iðnfélaga sem sinna hagsmunagæslu fyrir um 20 þúsund menntaða iðnaðarmenn og -konur á Íslandi oft verið virt að vettugi. Okkur hefur verið haldið utan við allar ákvarðanir um breytingar sem varða með beinum hætti þróun þessara mikilvægu fagstétta.

Slíkt er með öllu óásættanlegt. Það er ljóst að við þurfum að blása til sóknar er þessi mál varðar.“

Þrjú hlutu gullmerki FMA

Í lok ársfundarins veitti Jóhann Rúnar þremur félagsmönnum gullmerki FMA. Það voru þau Freydis Halldórsdóttir, fyrsta konan sem gekk í félagið og varð fyrst kvenna til að verða bæði sveinn, árið 1984 og meistari í blikksmiði tveimur árum síðar, Ólöf Tryggvadóttir, sem varð fyrst kvenna til að ljúka sveinsprófi í bifvélavirkjun árið 1985 og Egill Geirsson blikksmiður, sem vék úr stjórn FMA að loknum ársfundinum en hefur setið í stjórn um langt árabil.

Nýr varaformaður FMA er Bergvin Bessason, blikksmiður. Aðrir í stjórn eru Jóhann Rúnar Sigurðsson, formaður; Eyþór Jónsson, gjaldkeri; Jón Ingi Sævarsson, ritari og Arnþór Örlygsson, Jóhann Valberg Jónsson og Þorsteinn Veigar Arnason, meðstjórnendur.

Hjartavernd Norðurlands færir HSN Akureyri rausnarlegar gjafir

egillpall@vikubladid.is

Fulltrúar Hjartaverndar Norðurlands komu í heimsókn á heilsugæslustöðina á Akureyri fimmtudaginn 3. mars en tilgangur heimsóknarinnar var formleg afhending gjafa. Hjartavernd Norðurlands færði heilsugæslunni að gjöf hjartalínuritstæki af fullkomnustu gerð frá Philips TC50 á hjólastandi að verðmæti 1.931.422 kr. og blóðþrýstingsmæli frá Welch Allyn á hjólastandi að verðmæti 154.900 kr.

„Gjafir sem þessar styðja við mikilvægt starf heilsugæslunnar og er HSN afar þakklát Hjartavernd Norðurlands sem hefur verið dyggur stuðningsaðili til margra ára,“ segir á vef HSN.



Á myndinni eru Ingibjörg Lára Símonardóttir yfirhjúkrunarfræðingur svæðis, Valur Helgi Kristinsson yfirlæknir, Snæbjörn Þórðarson formaður Hjartaverndar Norðurlands, Kristín Sigfúsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson fulltrúar félagsins, Guðný Friðriksdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Sólveig H. Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur hjá HSN.

Heimamenn hafa opnað verslun sína

egillpall@vikubladid.is

Heimamenn ehf. opnuðu í dag, fimmtudag nýja byggingavöruslun á Húsavík. Þar verða seldar allar helstu byggingavörur sem í boði eru, ásamt málningu, hreinlætistækjum og öðru sem tengist viðhaldi og nýbyggingum. Þá umboð fyrir Símann í versluninni þar sem verða á boðstólunum ýmis snjall og raftæki ásamt þjónusta fyrir áskrifur Símans. Verslunin mun heita Heimamenn.

Mikil óánægja greip um sig í bænum í kjölfar fréttu um að Húsasmiðjan hyggðist loka verslun sinni á Húsavík en skellt var í lás nú um áramót eins og greint hefur verið frá. Nokkur verktakafyrirtæki á Húsavík tóku höndum saman, stofnuðu félagið Heimamenn ehf. og hafa nú opnað nýja verslun að Vallholtsvegi 8 þar sem Byggingavörudeild KP, KP Smiðjan og Húsasmiðjan hafa verið með rekstur áður.

Það var ys og þys í búðinni á þriðjudag þegar blaðamaður leit við og margar hendurnar sem voru að leggja loka hönd á verkefnið fyrir opnun.



Brynjar T. Baldursson, framkvæmdastjóri Heimamanna mátti varla vera að því að líta upp úr verkum sínum þegar ljósmyndara bar að garði, enda ófá handtökin eftir fram að opnun. Mynd/epe

Brynjar T. Baldursson framkvæmdastjóri félagsins mátti varla vera að því að ræða við blaðamann en sagðist þó vera mjög spenntur

fyrir opnuninni, „Þetta er búið að vera ánægjulegt verkefni og það verður gaman að sjá afraksturinn þegar við opnum,“ sagði hann.

Fyrirtækin sem standa að Heimamönnum eru; Val ehf., Steinsteypir ehf., Vermir sf., Trésmiðjan Rein ehf. og Bæjarprýði ehf.

Samfélagsgróðurhús á Húsavík

egillpall@vikubladid.is



Fjölmenningarfulltrúi Norðurþings kynnti verkefni Eims og Crowdthermal um Samfélagsgróðurhús á Húsavík fyrir fjölskylduráði á dögnum. Þau munu þjóna samfélagslegu hlutverki með því að m.a. skapa vettvang til að læra um matvæli og framleiðslu þeirra, vera sýnidæmi um hvernig má nýta jarðhita, auka sjálfbærni og verðmætasköpun sem og að auka lífsgæði íbúa.

Eimur er þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem ber heitið Crowdthermal en verkefnið hlaut styrk frá Horizon 2020 rannsóknaráætlun Evrópusambandsins.


Markmið verkefnisins er að efla tækifæri Evrópubúa til að taka beinan þátt í þróun verkefna sem tengjast nýtingu á jarðvarma. Þá er

einna helst verið að skoða þann möguleika að notast við hóp-fjármögnun til þess að fjármagna verkefnið.

Þrjú tilraunaverkefni hafa verið sett af stað í tengslum við verkefnið og þar af er verkefnið sem snýr að samfélagsgróðurhúsi á Húsavík.

Húsavík þykir hentug staðsetning til ylræktunar þar sem gott aðgengi er að varma, rafmagni og ferskvatni sem eru mikilvægir þættir í slíki starfsemi. Markmið gróðurhússins er að stuðla að betri nýtingu á jarðvarma sem þegar er til staðar í nágrenni Húsavíkur sem og að auka sjálfbærni nærsveita þegar kemur að matvælaframleiðslu. Samhliða því að auka orkunýtingu getur verkefnið stuðlað að nýsköpun og nýjum atvinnutækifærum.

LIGGUR ÞÉR MIKIÐ Á



Vikublaðið tekur á móti og birtir aðsendar greinar, þannig að hér er vettvangur fyrir þig. Ákjósanleg lengd greina er á bilinu 400-480 orð.

Einnig birtum við minningargreinar ef svo ber undir. Láttu vaða ef þig langar, sendir á vikublaðið@vikublaðið.is

VIKUBLAÐIÐ

Hin heilaga klukka



Huld Hafliðadóttir.

Einar stærstu samfélagsbreytingar okkar tíma urðu vafalaust í kjölfar iðnbyltingarinnar um og uppúr 1900. Vélar tóku við af handafla og fjöldi fólks fluttist á mölina, úr sveit í borg. Smábærir verksmiðjuvæddust og verkalýðsstéttin varð til. Í stærri bæjum og borgum voru klukkur settar upp á torgum, svo að hinn almenni borgari gæti fylgst með tímanum og færi ekki villur vega í tímaeyðslu.

Tengingin við náttúruna rofnaði hjá mörgum og fólk fór að haga lífi sínu eftir annars konar takti. Það var ekki lengur taktur náttúrunnar, heldur hinn tifandi taktur klukkunnar. Tikk, takk, tikk, takk.

Það sem áður hafði ráðist af sólargangi, veðurfari, árstíðum og innsæi var nú stjórnað af klukkunni. Eins og önnur dýr fæðumst við í svo fullkomnum tengslum við líkama okkar að við vitum upp á háár (og tjáum með háværum gráti) ef við erum svöng eða þreytt.

En þegar þarna var komið hættum við alfarið að borða og sofa eftir líkamsklukkunni og tókum upp annað heilagt samband. Nefnilega við klukkuna. Við gengum svo langt að neita ungbörnum brjósti eða pela, af því klukkan sagði nei. Sem betur fer hefur slaknað á öfgunum í þá áttina, en þó er margt sem viðheldur hinu heilaga sambandi. Þannig erum við löngu hætt að hvíla okkur nema þegar klukkan leyfir og við borðum ennþá eftir klukku. Við hunsum jafnvel skilaboð líkamans um veikindi og verki, þar til í óefni er komið. Allt til að styggja ekki hið heilaga samband við klukkuna. Einhverjir heilsugúrúar hafa reynt að breyta þessum takti, en það er ekki auðvelt. Klukkan tólf og klukkan sjö skal borðað. Þó má bæta við bita, en bara ef það er á tveggja tíma fresti.

Sem fyrr eru börnin okkur hvatning og fyrirmyndir, í sínu óháða tímaleysi, en þau hafa enn ekki tekið upp hið heilaga samband, a.m.k. að þeim sjálfum vitandi.



HÖRGÁRVEIT

Starfsmaður í þjónustumiðstöð

Sveitarfélagið Hörgársveit óskar eftir að ráða starfsmann í 100% stöðu sem fyrst. Um tímabundið starf er að ræða frá apríl til september 2022, með möguleika á framlengingu.

Um fjölbreytt starf er að ræða í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins sem sér um eignaumsýslu, framkvæmdir og verklega þætti sveitarfélagsins.

Viðkomandi starfsmaður vinnur undir stjórn forstöðumanns þjónustumiðstöðvar og sinnir þeim verkefnum sem yfirmaður úthlutar hverju sinni. Leitað er eftir fólki sem hefur gleði og ánægju af að starfa á þessu sviði. Iðnmenntun er kostur, en ekki skilyrði.

Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Einingar-löju.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Aðstoð við eftirlit og umsjón með öllum fasteignum og lóðum
- Aðstoð við verklegar framkvæmdir
- Aðstoð við umhirðu opinna svæða
- Aðstoð við rekstur vinnuskóla á vegum sveitarfélagsins
- Staðgengill forstöðumanns og leysir hann af í sumarleyfi hans
- Situr starfsmannafundi og aðra fundi er yfirmaður segir til um og varðar starfseminna
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 21. mars nk. og skal umsóknum skilað, ásamt ferilskrá á jonni@horgarsveit.is Upplýsingar gefur Jón Þór Brynjarsson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í síma **860-6846** og einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið jonni@horgarsveit.is